

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um sölu og eftirlit með skoteldum.

Frá Ástu Möller.

1. Hvernig er eftirliti með sölu, gæðum, öryggi og meðferð skotelda háttáð hér á landi? Hvernig fer prófun skotelda fram?
2. Hvernig er eftirliti með merkingum og leiðbeiningum á skoteldum háttáð?
3. Hvaða reglur gilda um efnisinnihald, púðurmagn, samsetningu, stærð, þyngd og hávaðamörk skotelda sem hafa má í sölu til almennings eða til notkunar við sýningar hér á landi? Hvaða kröfur aðrar þurfa skoteldar að uppfylla til að leyfi fáiast til að selja þá?
4. Hverjir höfðu leyfi til að selja skotelda í smásölu hér á landi fyrir síðustu áramót, skipt eftir verslunum, félagasamtökum, einstaklingum og öðrum?
5. Hvaða kröfur eru gerðar til söluaðila um merkingar, leiðbeiningar og annan öryggisbúnað vegna skotelda?

**Skriflegt svar óskast.**